

Ein af sérstöðum Víkurskóla eru svo kallaðar uglur þar sem kennsla er samþætt í íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsinga- og tæknimennt. Uglur eru skipulagðar af ugluteymum þar sem sjónum er beint að styrkleikum hvers og eins kennara. Lögð er mikil áhersla á fjölbreytt verkefni og þau samvinnuð og metin út frá hæfniviðmiðum allra námsgreinanna. Samvinna nemenda er mikil og er aðferðum leiðsagnarnáms beitt líkt og í öðrum fögum í Víkurskóla. Lögð er áhersla á skapandi skil og nemendum skapaðar þær aðstæður að þeir geti nýtt sér tæki og tól skólans til þess. Nemandinn er hvattur til þess að hafa áhrif á námið og axla ábyrgð á eigin námi. Uglur eru í stöðugri þróun og eru kenndar í öllum árgöngum. Í 8. og 9. bekk eru sex klukkustundir á viku í uglu en í 10. bekk fimm klukkustundir. Allur árgangurinn er á sama tíma í uglu og nemendum skipt upp í mismunandi hópa allt eftir viðfangsefni hverju sinni. Ein Uglu getur spannað 2-4 vikur, allt eftir umfangi.